

**Mál nr. 142/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).**

**Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.**

**Skráningarnúmer ökutækja: A og B**

### Sakarskipting.

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 16. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 25. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 21. júní 2022 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. júní 2022.

**Málsatvik.**

Hinn 27. nóvember 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B á hringtorgi við Smáratorg, Kópavogi. Aðilar fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir M atvikum svo að A og B hafi verið kyrrstæðar samhliða við stöðvunarlínu að hringtorgi sem tengi saman Smáratorg, Dalveg og Dalsmára. M hafi ekið A eftir ytri akrein hringtorgsins með ætlaða akstursstefnu inn Dalsmára, þ.e. á öðrum gatnamótum. Hafi hann gefið stefnumerki til vinstri til að upplýsa um fyrirætlan sína. Þegar M hafi verið kominn um tvær bíllengdir inn á hringtorgið hafi hann veitt því athygli að B ók á eftir honum inn á innri akrein hringtorgsins, á svo miklum hraða að henni hafi tekist að aka í veg fyrir A. Þrátt fyrir að M reyndi að sveigja frá hafi því komið til áreksturs með A og B. B lýsir atvikum svo að hún hafi verið að aka út úr hringtorgi, frá innri akrein hringtorgsins, og hafi hún gefið það til kynna með stefnumerki. M hafi hins vegar ekki gefið stefnumerki og hafi ekið A í hliðina á B þegar B hafi verið komin hálf út úr hringtorginu. Ágreiningu um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem lagði helming sakar á A fyrir að virða ekki forgang umferðar af innri hring hringtorgsins, og helming sakar á B fyrir að aka af innri hring á fyrstu útkeyrslu út af hringtorgi.

M fellir sig ekki við þau málalok og tekur í málskoti fram að B, sem hafi verið kyrrstæð þegar A ók inn í hringtorgið, hafi ekið á miklum hraða fram úr A og í veg fyrir hana. Sé því ljóst að B hafi valdið árekstrinum með glæfralegum framúrakstri og beri ákomur á bifreiðunum þess jafnframt merki. Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M þessa afstöðu og vísar til þess að um framúrakstur í hringtorgi, sem sé óheimill samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019, hafi verið að ræða. M hafi lagt sig fram um að forða árekstri en vegna glæfraaksturs B hafi það ekki verið möguleiki.

V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að rétt sé að skipta sök til helminga. Vísar félagið til þess að hvorugur ökumanna hafi fylgt áskilnaði 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga en þar segi annars vegar að ökumaður skuli velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorgi á fyrstu gatnamótum, og hins vegar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

**Álit.**

Í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Þar sem B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hún ók inn í hringtorgið bar henni að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsliðar 6. mgr. 19. gr. Óumdeilt virðist hins vegar að hún ók á innri akrein. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, að Dalvegi, sbr. 3. málslið sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að M hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Hvað varðar meintan glæfraakstur B og óheimilan framúrakstur hennar, sem leiða eigi til ríkari sakar hennar, þá verður ekki séð að nein gögn liggja fyrir er sýni fram á slíkt.

Með því að ökumaður B valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið og ökumaður A virti ekki forgang B út úr hringtorginu teljast því báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum og verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir